

Bókasafn Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi

starfsskýrsla skólaárið 2025-2026

Starfsfólk:

Starfsmenn bókasafnsins eru þrír. Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir, forstöðumaður er í 100% stöðu, Guðrún Þórðardóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur í 70% stöðu og Ingveldur Jónsdóttir bókaforstjóri í 60% stöðu en í veikindaleyfi frá miðjum desember. Elín er einnig skjalastjóri skólans. Guðrún annast bókasafn Garðyrkjuskólans á Reykjum en vinnur að jafnaði einn til tvo daga í viku á Selfossi. Guðrún er persónuverndarfulltrúi skólans.

Opnunartími:

Opnunartími safnsins er frá 8:00-16:00 mánudaga til fimmtudaga. Á föstudögum er opið til kl. 14:30.

Útlán:

Útlán eru færð á þrjá vegu: í fyrsta lagi í bókasafnskerfið Gegni þar sem bækur, fartölvur og önnur safngögn eru skráð, í öðru lagi eru skammtímalán á kennsluefni innan skólans handskráð og talin eftir hvern dag og í þriðja lagi eru tvær bækur í afgreiðslu sem útlán eru handfærð í. Önnur bókin er á afgreiðsluborði og þar skrá notendur safnsins útlán sín sjálfir þegar starfsmenn eru fjarri og í hina bókina eru handfærð útlán á safnefni eftir atvikum. Safnið hefur einnig umsjón með útlánunum á borðtennisþöðum.

Útlán:	Haust 2025	Vor 2026	Samtals:
Í Gegni	704	755	1459
Fartölvuútlán	2486	1826	4312
Innan skólans	3211	2972	6183
Í bók	41	46	87
Útlán á borðtennisþöðum	349	41	390
SAMTALS:	6791	5640	12431

Millisafnalán:

Millisafnalán voru alls 54 á skólaárinu. Þau voru frá 13 bókasöfnum, aðallega bókasöfnum framhaldsskólanna. Lánað var til skólastofnanna, bæði á grunnskóla- og framhaldsskólastigi.

Millisafnalán frá:	Haustönn 2025	Vorönn 2026	Samtals:
Bækur frá söfnum	11	29	40
Mynddiskar frá söfnum		3	3
SAMTALS:	11	32	43

Millisafnalán til:	Haustönn 2025	Vorönn 2026	Samtals:
Bækur til safna	4	7	11
SAMTALS:	4	7	11

Gegnir:

Bókasafn Fjölbrautaskóla Suðurlands er aðildarsafn að Gegni, samskrá íslenskra bókasafna sem er leitarbær á vefsíðunni leitir.is. Nánast allt efni sem berst á safnið er skráð og tengt í Gegni. Einstaka tímarit sem berast stopult eru skráð í excel-skjal inn á OneDrive í Office 365. Kostnaður við þátttöku í Gegni var kr. 556.968 á árinu 2025 eða kr. 46.414 á mánuði.

Gagnasöfn:

Landsaðgangurinn hvar.is felur í sér aðgengi að tímaritsgreinum tæplega 19 þúsund tímarita. Framhaldsskólarnir hafa auk almenningsbókasafna, háskólabókasafna, stjórnsýslusafna, fyrirtækja og samtaka tekið þátt í kostnaði við landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum. Greiðsluupphæð miðast við fjölda ársnema. Á árinu 2025 greiddi FSu kr. 152.460. Framhaldsskólar greiða fyrir Encyclopedia Britannica, ProQuest Central gagnasafnið og Web of Science.

Veforðabækur Snöru eru opnar á skólanetinu. Öllu starfsfólki skólans og nemendum býðst einnig heimaaðgangur að Snöru, með því að skrá sig inn með fsu netfangi og lykilorði.

Safnfræðsla:

Á nýnemadeginum þann 18. ágúst komu 12 hópar nýnema í heimsókn og fengu stutta á kynningu á bókasafninu og þjónustu þess.

Á haustönn fengu nemendur í FÉLA1SA05 kynningu á safninu, safnkosti og þjónustu sem í boði er. Þau fengu kennslu á leitir.is og sýnt hvernig hægt er að leita eingöngu að safnefni í FSu. Einnig var heimasíða bókasafnsins kynnt og vefurinn timarit.is. Í lok tímans unnu nemendur verkefni saman í tölvum á safninu sem þjálfar þau m.a. í að finna heimildir á leitir.is.

Nemendur í heimildaritun í íslensku ÍSLE3HR05 fengu kynningar í byrjun haust- og vorannar. Mikil áhersla er lögð á notkun leitir.is við heimildaleitir og að auki eru kenndar ýmsar leitaráferðir á netinu. Einnig er vefurinn timarit.is kynntur sem og Google Scholar. Fjallað var um upplýsingalæsi og mikilvægi þess að vitna rétt í heimildir.

Á vorönn voru nemendur á sjúkraliðabraut heimsóttir í tíma og fengu kynningu á heimildaleitum, megináhersla var lögð á leitir.is og mikilvægi þess að nota nýjustu heimildir við umfjöllun um sjúkdóma og meðhöndlun sjúklinga.

Guðrún sá um kennslu í heimildaleitum og uppsetningu ritgerða í lokaverkefnisáföngum hjá öllum brautum Garðyrkjuskólans á vorönninni. Hún setti inn ýmislegt efni nemendum til hliðsjónar og var í sambandi við þó nokkra hvað varðaði ritun og frágang.

Sögukenningar lögðu fyrir heimildaverkefni um fyrri og síðari heimsstyrjöldina, öfgastefnur og kalda stríðið í áfanganum SAGA2YA05. Markmið þessa verkefnis var að nemendur kynni sér eitt viðfangsefni og fari á dýptina með því að vinna með heimildir og læri að nota tilvísanir bæði í bækur og vefheimildir ásamt því að setja upp heimildaskrá.

Talsvert var um að kennarar létu vita af heimildaverkefnum og voru fundnar ýmsar bitastæðar heimildir í bókum og þær gerðar aðgengilegar á safninu fyrir nemendahópinn. Dæmi um slík verkefni voru um mannlíkamann í lífeðlisfræði, bækur um norræna goðafræði fyrir

Íslenskuáfangann Bókvit, bækur um jarðskjálfta fyrir jarðfræðiáfangana. Nemendur í barnabókmenntum á haustönn komu og völdu barnabók til umfjöllunar, einnig nemendur í uppeldisfræði á vorönn. Ljóðabækur voru teknar saman fyrir áfanga um íslenskar nútímabókmenntir. Nemendur í tölfræðiáfangana fengu aðstoð við val á fræðigreinum fyrir verkefnavinnu. Nemendur koma einnig mikið til að fá að láni kjörbækur í ýmsum áföngum, t.a.m. í dönsku, ensku og íslensku.

Opið hús var 24. mars og komu þá fjölmargir gestir á bókasafnið og skoðuðu aðstöðuna. Fastur liður á vorönn er að fá nemendur 10. bekkjar í grunnskólum á Suðurlandi í heimsókn. Námsráðgjafar skólans annast þessar heimsóknir og kynna námið og skólann.

Aðföng og skráning 2025-2026:

Aðföng	Haustönn 2025	Vorönn 2026	Samtals
Bækur	129	147	276
Mynddiskar (DVD)		7	7
Leikjakassar og spil		3	3
Samtals	129	157	286

Skráning:

Skráning og skipulagning safnkosts er stór þáttur í daglegu starfi. Nýútgefið efni er skráð eins fljótt og unnt er, en eldra efni sem oft eru gjafir eftir því sem tími vinnst til. Á skólaárinu voru alls afskrifaðar 101 bók, 14 myndbönd, 12 kort, 1 mynddiskur (DVD) og 1 geisladiskur (hljóðbók), alls 129 eintök. Töluvert var afskrifað af eldri tímaritum sem eru aðgengileg inn á tímarit.is. Grisjun á skólasöfnum er mikilvægur hluti af starfseminni og skapar rými fyrir endurnýjun safnkostsins sem þarf alltaf að vera í takt við tímann.

Tímarit:

Bókasafnið er með fasta áskrift að 35 tímaritum og einu dagblaði. Eldri tímarit eru geymd í geymslu í kjallara en þau nýrri í gryfju bókasafnsins. Á heimasíðu bókasafnsins er að finna lista yfir tímaritaeign safnsins og vefslóðir þeirra tímarita sem eru aðgengileg á rafrænu formi.

Gjafir:

Alls bárust bókasafninu að gjöf 41 bók á skólaárinu. Flestar voru frá starfsfólki skólans, bæði núverandi og fyrrverandi, svo og einstaklingum í nærsamfélaginu. Einnig frá ýmsum stofnunum og gestum. Þessum aðilum öllum eru færðar þakkir fyrir hlýhug í garð bókasafnsins. Safnið áskilur sér rétt til að taka við gjöfum án kvaða og ráðstafa þeim eins og hentar best.

Skráður safnkostur bókasafns FSu:

Bækur og nýsigögn (eintakafjöldi skv. Gegni)	Maí 2026
Bækur	18.475
Nótur	48
Myndbönd	43
Mynddiskar (DVD)	644
Mynddiskar (Blu-ray)	13
Hljómplötur	10
Geisladiskar (tónlist)	50
Geisladiskar (hljóðbækur)	148
MP3 hljóðbækur	9
Snældur	5
Margmiðl.diskar (tölvugögn)	24
Skyggjur og glærur	1
Leikjakassar og spil	103
Möppur	1
Gagnasett	5
Kort	16
Samtals	19.595

Rekstrarkostnaður 2025:

Bækur	820.869
Tímarit og blöð	222.319
Mynddiskar	963
Kostnaður vegna Gegnis, landskerfis bókasafna	556.968
Landsaðgangur að gagnasöfnum	152.460
Snara, veforðabækur	195.000
Áskrift að Fotostation (myndskráningarforrit)	109.537
Árgjald visa	2.000
Streymisveita	37.458
Canva, áskrift	47.901
Styrkur til faglegs starfs bókasafns- og uppl.fræðinga í frh.skólum	30.000
Vorráðstefna Þjóðskjalasafns Íslands	6.500
Prentborði og límmiðar í strikamerkjável	40.684
Bókaplast	46.500
Ýmis búnaður á bókasafni	16.759
Ritföng	14.481
Gerð skrifblokka	4.960

Aðflutningsgjöld	21.744
Innheimtuviðvörðun	<u>950</u>
	2.328.053
Seldir bolir	<u>38.000</u>
Samtals	3.290.053

Tæki og búnaður:

Á bókasafni FSu eru 10 borðtölvur, skanni, tveir laserprentarar: lita laserprentari (af gerðinni Canon i-SENSYS LBP673Cdw) og laserprentari af gerðinni HP LaserJet Managed MFP E52645, lítið stafrænt upptökutæki, sjónvarp, myndbandstæki, tveir DVD-spilarar (lánaðir í kennslustundir), leturvél, vifta og borðsími.

Alls eru sextán fartölvur lánaðar nemendum. Tíu eru af gerðinni DELL Latitude, þrjár HP ProBook og þrjár HP EliteBook. Útlán voru samtals 4312 á skólaárinu.

Vinnuaðstaða:

Vinnuaðstaða starfsmanna bókasafns FSu samanstandur annars vegar af afgreiðslurými og hins vegar af vinnurými inn af afgreiðslu. Við hringstigann eru tveir laser prentarar sem nemendur og starfsmenn hafa aðgang að, annar þeirra lita laserprentari. Geisladiskar og hljóðbækur eru staðsettar í hillum við afgreiðslu.

Í vinnurými inn af afgreiðslu er vinnuaðstaða til skráningar og annarrar undirbúningsvinnu. Í vinnurýminu eru geymdar kvikmyndir og kennslubækur sem kenndar eru hverju sinni, auk þess fartölvur og hægt að hlaða þær milli útlána.

Í hópinnuaðstöðu í kjallaranum er tölva sem er tengd við skanna. Í kjallaranum er auk þess stærri geymsla fyrir bækur og eldri tímarit.

Í Garðyrkjuskólanum er vinnuaðstaða bókasafnsfræðings á skrifstofu skólans. Bókasafn Garðyrkjuskólans er á 2. hæð í aðalbyggingu og allur safnkostur sérhæfður á sviði garðyrkju.

Skjalastjórnun:

Skjalastjórnunarkerfið GoPro var tekið í notkun vorið 2019 og gildistími fyrsta málalykilsins var frá 1. september 2018 - 31. ágúst 2023. Hvert skjalavörslutímabil er fimm ár. Á skólaárinu var unnið við skjölun á ýmsu efni, t.d. starfsúmsóknum, ýmsum samningum, fundargerðum og fleiru, auk þess sem starfsfólki var veitt ráðgjöf við stofnun og meðferð mála. Greiningargögn nemenda eru skráð í GoPro, útbúið er minnisblað með hverju máli sem vísar til geymslutaðar greiningargagna sem ennþá eru á pappírformi. Sem afhendingarskyldum aðila er skólanum skylt að varðveita þessi gögn.

Mikil vinna er fyrirbyggjandi við tiltekt í skjalageymslum en sökum anna á bókasafninu gafst afar lítill tími til að sinna því verkefni.

Fundur, námskeið og ráðstefnur:

Elín forstöðumaður safnsins sótti kennara- og starfsmannafundi á skólaárinu og fundi með stýrihópi um upplýsingatækni sem haldnir eru á tveggja til þriggja vikna fresti.

Um miðjan september fylgdist Elín með fyrirlestri í streymi um gervigreind í háskólabókasöfnum þar sem fjallað var um gervigreindarlæsi nemenda og notendafræðslu.

Elín sótti landsfund Upplýsingar sem var haldinn á Selfossi dagana 16. og 17. október. Viðfangsefni landsfundarins voru heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og hlutverk bókasafna og upplýsingastofnana við að uppfylla þau.

Í október 2025 var boðið upp á upprifjunar- og endurmenntunarnámskeið fyrir vant starfsfólk í aðfangiferli Gegnis og sótti Guðrún slíkt námskeið.

Samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum (SBF) fundar reglulega yfir vetrartímamann. Fyrsti fundur skólaársins var haldinn í Menntaskólanum við Hamrahlíð 15. október og jólafundurinn var í Menntaskólanum í Reykjavík þar sem Þórdís Helgadóttir las úr bók sinni, Lausaletur. Næsti fundur var í Verzlunarskóla Íslands þann 27. febrúar í tengslum við starfsþróunardag starfsfólks framhaldsskóla. Vorferð SBF var dagana 14.-16. maí og hittist hópurinn á Ísafirði, skoðaði Menntaskólann á Ísafirði, Lýðskólann á Flateyri, einnig var farið í heimsókn til Helenar Cova, rithöfundar og útgefanda á Flateyri og að lokum var Bókasafnið á Ísafirði heimsótt og fengum við góða kynningu á starfsemi bókasafnsins sem hýsir einnig að hluta skjala- og myndasafn Ísafjarðarbæjar. Elín sótti alla fundi SBF nema þann sem haldinn var í Versló, Guðrún fór á fundinn í MH og í vorferðina til Ísafjarðar. Framhaldsskólarnir styrkja faglegt starf samstarfshópsins með því að greiða 15.000 kr. árgjald fyrir hvern starfandi bókasafns- og upplýsingafræðing.

Hópur skjalastjóra í framhaldsskólum heldur úti póstlista og virkri umræðu inn á Teams. Þangað er gott að leita eftir ráðleggingum um ýmislegt sem varðar skjalastjórnun. Elín sótti notendaráðstefnu Hugvits 5. nóvember.

Elín nýtti sér flestöll námskeið um skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila sem Þjóðskjalasafn Íslands stendur fyrir. Öll námskeiðin voru kennd í gegnum Teams.

Lokaorð

Starfsemi bókasafnsins gekk vel á skólaárinu, nemendur komu mikið á safnið bæði í verkefnavinnu og eins til að njóta næðis frá erli skólalífsins. Lögð er rík áhersla á að veita góða þjónustu og að nemendur finni að þeirra þarfir skipti máli. Samstarf við kennara gekk mjög vel, auðfundið er að þeir meta starfsemina að verðleikum og margir létu vita með fyrirvara um verkefni sem voru að fara í gang. Það er mikilvægt að kennarar nýti fagþekkingu þeirra sem starfa á bókasafninu og safnkostinn til að styðja við kennsluna og gera hana fjölbreyttari.

Ein helsta áskorunin í skólaumhverfinu í dag er gervigreindin og hvernig við kennum nemendum okkar að nota hana á heiðarlegan og skilvirkan hátt. Á komandi skólaári er stefnt að því að samþætta kynningu á möguleikum gervigreindar við hefðbundna kennslu í heimildaleitum.

Selfossi 3. júní 2026

Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir
forstöðumaður bókasafns Fjölbrautaskóla Suðurlands